

LAXÁ Í REFASVEIT 1988

Tumi Tómasson

└Hólum, maí 1989

VMST-N/89014X┘



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## LAXÁ Í REFASVEIT 1988

### INNGANGUR

Árleg athugun á seiðastofnum Laxár var gerð 6. ágúst 1988. Að þessu sinni var veitt á tólf stöðum (Mynd 1). Markmið þessara athugana er að kanna útbreiðslu og þéttleika laxaseiða í ánni. Lax er enn að nema land í ánni en seiðasleppingar á laxgengum svæðum eru enn mikilvægur þáttur ræktunarstarfsins.

Sumarið 1988 var sleppt af stofni árinna alls 4000 smáseiðum í ána. Sleppingin skiptist þannig að 2000 seiðum var sleppt á grýtta kaflann neðarlega í Norðurá, frá vaðinu og upp undir Neðstabæ. Í Laxá var sleppt 1000 seiðum í Núpshólana og 1000 milli Skrapatungu að Balaskarði.

### NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2.

Í Núpshólunum hafa enn ekki fundist náttúruleg seiði, en uppeldisskilyrði eru þar mjög góð og vöxtur sleppiseiða ágætur.

Á stað 5b, fyrir framan Balaskarð finnast náttúruleg seiði úr hrygningunni 1984, 1986 og 1987. Á milli Skrapatungu og Balaskarðs er hinsvegar einvörðungu að finna 1984 árganginn, en slepping þar 1988 tókst einnig mjög vel.

Frá Skrapatungu og niðurúr og í neðsta hluta Norðurár eru 1+ seiði (klak 1986) ríkjandi, en 0+ seiði voru bæði óvenju fá og smá. Það kom raunar á óvart hve mikið fannst af náttúrulegum 1+ seiðum í Norðurá, og neðst í ánni var einnig mikið af 0+ seiðum.


Í neðsta hluta Norðurár (staðir 15b, 16 og 17) fundust einstaka 0+ sleppiseiði innanum, en slík seiði voru þó greinilega í miklum minnihluta. Líklega hafði þeim flestum verið sleppt á milli veiðistaða 15b og 16.

Svo virðist sem náttúruleg nýliðun sé orðin nóg til að fullnýta uppeldisskilyrði neðsta hluta Norðurár. Þar er því ekki ástæða til að vera með frekari seiðasleppingar í bili.


Í sumar legg ég til að seiðum verði sleppt í Núpshólana, um 2000-3000 seiðum, eða um 3 seiðum á hvern lengdarmetir og dreifa þeim vel. Þá mætti einnig sleppa svipuðu magni þ.e. 2-3000 seiðum í Norðurá fyrir framan Þverá. Þar væri æskilegur þéttleiki um eitt seiði á hvern lengdarmetra

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m í Laxá í Refasveit 6. ágúst 1988.

Stöð nr	Stærð m	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m						
		0+	0+ss	1+	1+ss	2+	2+ss	3+
4	70x11	-	-	-	0.5	-	0.4	-
5	50x12	-	1.0	0.3	-	0.2	-	-
5b	40x12	1.0	-	1.9	-	-	-	1.0
6	50x8	-	2.5	-	-	-	-	2.5
7	45x12	-	-	1.7	-	1.7	-	0.2
8	60x9	0.2	-	7.6	-	0.4	1.7	-
9a	60x4	-	-	7.5	-	2.5	-	-
9b	27x10	-	-	6.7	-	0.7	-	-
12	20x15	1.0	-	6.7	-	1.0	-	-
15b	30x12	-	-	8.3	0.3	1.4	0.5	-
16	30x20	-	0.7	0.8	0.3	-	0.7	-
17	32x12	4.5	-	6.3	0.8	-	2.9	-



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit 6. ágúst 1988.



Mynd 2. Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 6. ágúst 1988, eftir veiðistað.